

nú liggur fyrir, að leyfa að greiða gjald þetta úr landssjóði, en að það með þessu brjefi 65 er leyft beiðandanum, að stefna máli því, sem hann kynni að ráðast í að höfða gegn 28. febr. landssjóði út af þessu, á hendur landshöfðingjanum.

Það hefir komið í ljós í þessu máli, að við meðferð frumvarpsins til fjáruka- laga fyrir 1880 og 1881 á alþingi hefir sú villa á orðið, að þá er frumvarpið var sent frá neðri deild til efri deildar, hafði gleymzt að taka upp í það nýja grein, sem neðri deild hafði samþykkt við 3. umræðu, en með þeirri grein var Ólafi lækni Sigvaldasyni veitt þessi 1125 kr. upphæð; í efri deild var frumvarpið samþykkt óbreytt í þeirri mynd, sem forseti neðri deildar sendi það í, og hefir það þannig í rauninni verið sam- þykkt í sinni mynd í hvorri þingdeildinni um sig. Ráðgjafinn er nú samdóma yður í því, að þetta hafi engin áhrif á gildi fjárukalaganna fyrir 1880 og 1881, sem út komu 4. nóvbr. f. á.; en út af tilefni því, sem mál þetta þannig gefur til þess, lætur ráðgjaf- inn eigi hjá líða að vekja athygli yðar, herra landshöfðingi, á því, hve nauðsynlegt er, að þá er lagafrumvörpin eru send ráðgjafanum, þá sjeu jafnframt lagðar fram fyrir hann allar umræður, sem á alþingi hafa gjörzt um þau.

— **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um endurbygging og flutning á 66 Dvergasteinskirkju.** — Stiptsyfirvöldin hafa með brjefi 24. f. m. sent mjer erindi frá 7. marz hinum setta presti á Dvergasteini síra Jóni Bjarnasyni, þar er hann sækir um 6000 kr. lán af viðlagasjóði til að reisa nýja kirkju á Vestdalseyri í stað kirkju þeirrar, er nú er á Dvergasteini, þannig að vextir og höfuðstóll lánsins verði borgað af tekjum kirkjunnar. Stiptsyfirvöldin hafa nú tekið fram, að nauðsyn beri til að reisa nýja kirkju, bæði fyrir þá sök, að kirkja sú, sem nú er, sje mjög hrörleg, og sakir þess, að hún sje orðin allt of lítil, með því að mjög hafi fjölgað fólki í söfnuðinum hin síðustu ár, og með því að kirkjan nú sje mjög óhentuglega sett, þá sje og þörf á að flytja hana á annan stað bet- ur hentan; þau hafa því mælt með beiðni þessari, þó svo að eins, að lánið fari ekki fram úr 3—4000 krónum, og að prestur sá, er hlut á að máli, gefi út skuldbindingar- skjal prestakallsins vegna fyrir upphæð þessari. Þá hefir og herra biskupinn tjáð mjer um flutning kirkjunnar, að hjeradsfundur Suðurmúlaprófastsdæmis, hafi fallizt á hann, og hefir biskupinn mælt með, að flutningurinn verði leyður, þó með því skilyrði, að fengin verði formleg heimild fyrir hinu nýja kirkjustæði af hendi lóðareigandans, og er gjört ráð fyrir, að lóðin undir kirkjuna fáið ókeypis.

Út af þessu vil jeg nú tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegar leiðbeiningar, og svo að þau kunngjöri þeim það, er hlut á að máli, að Dvergasteinsprestakalli muni veitt lán úr viðlagasjóði, 4000 kr. að upphæð, til að reisa nýja kirkju fyrir tjeðan söfnuð, með því skilyrði, að lánið ávaxtist og endurborgist með 6% árlega af upprunalegri upp- hæð þess í 28 ár. Sömu leiðis fellst jeg á tillögur biskupsins um, að kirkjan verði flutt frá Dvergasteini til Vestdalseyrar, þegar hentug lóð er fengin á fulltryggjandi hátt.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamdaminu um 67 sjerstakt mauntalþing fyrir Þingvallahrepp.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt- 14. marz maður, í þóknanlegu brjefi frá 11. þ. m. samþykkist, að Þingvallahreppur í Árnessýslu verði sjerstök manntalþinghá með þingstað á Þingvöllum, og er þetta samþykki mitt bundið því skilyrði, að hreppsnefnd Þingvallahrepps sjái um, að hæfilegt þinghús verði